

hálfu stefnds að ræða, að stefnanda hafi verið heimilt að rifta kaupunum eins og hann gerði og beri því að telja hann réttan eiganda að umræddu húsi.

Þar sem enn fremur stefndur, samkvæmt framan-skráðu, aldrei hefir verið löglegur eigandi hússins, var honum óheimilt að veðsetja útibúi Landsbankans það, og er sú veðsetning ógild gagnvart stefnanda og skiptir hér ekki máli, þó að veðbókarvottorðið teldi stefndan eiganda hússins, þar sem stefnandi enga sök átti á því, að útibúið fékk rangar upplýsingar um eignarréttinn á húsinu.

Stefnandi hefir ekki krafizt málskostnaðar og fellur hann því niður.

Stefnandi hefir krafizt þess, að nokkur ummæli í máls-vörn stefnda verði dæmd dauð og ómerk og stefndur lát-inn sæta sektum fyrir þau. Þessi ummæli „að stefnandi hafi barist úr skúmaskoti“, „veslings maðurinn“, „fer með visvitandi ósannindi“, „ég skora á hann að sanna þennan vitleysisvaðal sinn“, „þessi heiðursmaður“, „Í meira lagi ósvifið“, „Hvilik lævisi“, „Önnur eins heimska og þetta“, sem alveg eru órökstudd ber að ómerkja, en ekki þykir nægileg ástæða til að láta stefnda sæta sekt-um fyrir þau.

Miðvikudaginn 3. febrúar 1937.

Nr. 26/1936. **Zophonías Baldvinsson**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og gagnsök** (Theódór B. Lindal)

Kröfu fyrverandi bifreiðaeftirlitsmanns um greiðslu kaupeftirstöðva úr ríkissjóði hrundið. Talið, að sama bifreiðaeftirlitsmanni hafi borið uppsagnarfrestur, þegar hann véc úr þjónustu ríkisins, með því að hann hafi haldið áfram starfa sínum um skeið eftir að umsaminn starfstími

hans var útrunninn, og honum dæmdar bætur, er svöruðu til 6 mánaða uppsagnarfrests.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 5. marz 1936:* Stefnur, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Zophoníasar Baldvínssonar, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

### Dómur hæstaréttar.

Máli þessu hefir verið skotið til hæstaréttar af hálfu beggja aðilja, aðaláfrýjanda með áfrýjunarstefnu, dags. 11. marz 1936, og gagnáfrýjanda með gagnáfrýjunarstefnu, dags. 19. s. m.

Fyrir hæstarétti hefir aðaláfrýjandi *aðallega* krafizt þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum sömu upphæð, kr. 38861.00, sem um ræðir í upphafi hins áfrýjaða dóms, og með vöxtum eins og þar segir, þó að frádregnum kr. 5.00, sem hann telur upphæðina vera ofreiknaða um. *Til vara* hefir hann krafizt dóms fyrir kr. 2835,00 af ofanefndri upphæð, er hann telur sig eiga kröfu til vegna ólögmetrar uppsagnar, ásamt 6% ársvöxtum af þeirri upphæð frá birtingardegi sáttakæru, 13. sept. 1935, til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi málskostnaðar fyrir undirrétti og hæstarétti eftir mati hæstaréttar.

Gagnáfrýjandi hefir *aðallega* krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að krafa hans um málskostnað fyrir undirrétti verði tekin til greina. Svo krefst hann og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati réttarins. *Til vara hefir* hann krafizt lækkunar á kröfu aðalstefnanda svo og málskostnaðar fyrir báðum réttum sem fyrr segir.

Aðalkröfu sína, um greiðslu úr ríkissjóði á of-

angreindum kr. 38861.00, að frádregnum kr. 5.00, eða alls kr. 38856.00, með vöxtum, eins og í hinum áfrýjaða dómi segir, rökstyður aðaláfrýjandi hér fyrir dómi, eins og fyrir undirréttinum, með því, að samkvæmt skipunarbréfi sínu frá 1. febr. 1928 og erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða frá sama degi, sbr. einkum 9. gr. þess, eigi hann rétt til helmings allra prófgjalda og skoðunargjalda í Suðurlandsumdæmi frá ársbyrjun 1928 til ársloka 1935. Er hinar föstu mánaðargreiðslur, sem hann naut, meðan hann gegndi starfinu, auk greiðslunnar fyrir maímánuð 1935, séu frá dregnar, nemi eftirstöðvar hans hluta af ofangreindum gjöldum, sem safnast hafi fyrir í ríkissjóði árin 1928—1935, upphæð þeirri, sem stefnt er fyrir, og sé þá gert ráð fyrir, að tekjur ársins 1935 hefðu orðið jafnar árstekjunum árið 1934. Miðar hann gjöldin við allt árið 1935 sökum þess, að hann telur ríkisstjórninni hafa verið óheimilt að segja sér upp starfinu með skemmri fyrirvara en til loka þess árs. Telur aðaláfrýjandi rétt sinn til helmings umræddra gjalda hafa haldizt óbreyttan og óslitinn allt það tímabil, er hann gegndi starfinu.

Gagnáfrýjandi hefir hér fyrir réttinum, eins og í héraði, mótmælt því, að aðaláfrýjandi eigi rétt til eftirstöðva umræddra gjalda. Skal nú að því vikið, hvernig aðiljarnir, hvor um sig, virðast hafa litið á launakjörin á því tímabili, er aðaláfrýjandi gegndi starfinu.

Það er rétt hjá aðaláfrýjanda, að í „erindisbréfi um skoðunarmenn bifreiða“, frá 1. febr. 1928, er svo fyrir mælt, að prófgjöld og skoðunargjöld skuli renna til skoðunarmanna bifreiða, en að sjálfsögðu var ekkert því til fyrirstöðu, að samkomulag kæmist

á um launagreiðslur með öðrum hætti. Eins og um ræðir í hinum áfrýjaða dómi, tilkynnti atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið ríkisfélhirði með bréfi dags. 11. febr. 1928, að honum bæri að greiða aðaláfrýjanda og samstarfsmanni hans „hvorum 500 krónur á mánuði í laun“. Þar eð ráðuneytið hvorki nefnir það, að skoðunarmönnum beri viðbótagreiðsla, ef próf- og skoðunargjöld reynist hærri en mánaðargreiðslunum nemi, né hefir nokkurn fyrirvara um endurgreiðslu af þeirra hálfu, ef greiðslurnar skyldu reynast of háar, miðað við innkomin gjöld, þá bendir það þegar til þess, sem síðar kemur þó skýrar fram, að ráðuneytið hafi frá upphafi litið á mánaðargreiðslurnar sem föst mánaðarlaun, eins og líka orðalag þess í nefndu bréfi gefur í skyn, en ekki sem áætlunarupp-hæðir, er síðar breyttust eftir því, sem inn kæmi af próf- og skoðunargjöldum úr undæmi þessara skoðunarmanna. Sama ráðuneyti skýrir og lögreglustjóranum í Reykjavík frá því, í bréfi dags. 11. febr. 1928, að ríkisfélhirði hafi verið falið að greiða skoðunarmönnunum 500 krónur í laun mánaðarlega, en ætlast sé til, að gjöldin fyrir skoðun o. fl., sem lögreglustjóri innheimti, gangi til ríkisfélhirðis upp í launin. Bendir þetta orðalag einnig til þess, að ráðuneytið hafi ekki litið á 500 króna mánaðargreiðslurnar sem áætlunarupp-hæðir, sem skoðunarmönnunum bæri að endurgreiða að því leyti, sem þær kynnu að reynast of háar. Þá styrkist og sú skoðun, að ráðuneytið hafi litið á launakjörin á þennan hátt, af því, að það verður við þeirri beiðni skoðunarmannanna í jan. 1930 að greiða þeim kaupuppbót fyrir árið 1929, 1000 krónur hvorum, eins og nánar mun vikið að

síðar. En ekki er ætlandi, að ráðuneytið hefði samþykkt þá beiðni, ef það hefði talið skoðunarmennina eiga innistandandi kaupeftirstöðvar í ríkissjóði, sem þá hefði numið samtals kr. 15508.00, ef staðhæfing aðaláfrýjanda um launakjörin væri rétt. Loks hefir ráðuneytið, þegar því gafst ástæða til vegna tilmæla af hálfu skoðunarmanna um greiðslu eftirstöðva, lýst því ótvírætt yfir við þá í bréfi, dags. 13. apríl 1932, að það teldi umsamin laun fyrir störf þeirra að fullu greidd með fyrrnefndum 500 króna mánaðargreiðslum, og skirskotar í því efni til viðtals, er fram hafi farið þegar skoðunarmennirnir hafi upphaflega tekið að sér skoðunarstarfið. Mótmælir ráðuneytið því, að skoðunarmennirnir eigi nokkurn rétt til frekari þóknunar fyrir liðinn tíma. Það hefir og jafnan síðan haldið fast við það, að þessi skilningur á launakjörum skoðunarmannanna væri réttur, og í sömu átt hefir umsögn vegamálastjóra gengið, en hann hefir frá öndverðu verið aðstoðarmaður og ráðunautur ríkisstjórnarinnar um bifreiðaeftirlit.

Hér á undan hefir verið skýrt frá því, sem fyrir liggur í málinu um skoðun þá, er atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, sem réð aðaláfrýjanda til starfsins, hefir haft á launakjörum hans frá byrjun. Ber þá að athuga, hvað fram sé komið í málinu um skilning aðaláfrýjanda, á meðan hann gegndi skoðunarmannsstörfum, á launakjörum sínum, og hvort atvik liggja svo til, eins og gagnáfrýjandi heldur fram, að aðaláfrýjandi geti ekki nú krafizt frekari þóknunar en oftnefndra mánaðargreiðslna, jafnvel þótt hann í öndverðu kynni að hafa haft ástæðu til að líta svo á, að

hann væri ráðinn með þeim kjörum, sem umræðir í erindisbréfi skoðunarmanna bifreiða.

Eins og fyrr er getið um, fóru aðaláfrýjandi og samstarfsmaður hans við bifreiðaeftirlitið í Suðurlandsumdæmi þess á leit við atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið með bréfi, dags. 8. janúar 1930, að þeim yrði greidd 1000 króna kaupuppbót hvorum fyrir árið 1929. Jafnframt þessari beiðni kveðast þeir senda ráðuneytinu yfirlit yfir inntektir við starf þeirra síðastliðið ár, sem runnið hafi í rikissjóð. Er og upplýst í málinu, að skoðunarmennirnir héldu nákvæmar skrár um próf og skoðanir, og hlutu því að vita nákvæmlega, er beiðnin um kaupuppbótina var send, hverju inn eign þeirra í rikissjóði nam, ef þeir töldu sig þá eiga rétt til frekari þóknunar en hinna föstu mánaðargreiðslna. En eins og áður segir hefði inn eignin numið í árslok 1929 kr. 7754.00 fyrir hvorn þeirra. Verður það ekki talið líklegt, að skoðunarmennirnir hefðu farið bóunarveg að ráðuneytinu um 1000 króna kaupuppbót, ef þeir hefðu talið sig eiga nefnda upphæð innistandandi í rikissjóði. Máttu þeir og vita, að ef þeir skýrðu rikisstjórninni frá því, að þeir ætluðu að gera kröfu til nefndra eftirstöðva, þá væri ekki líklegt að kaupuppbótin yrði samþykkt. Beiðnin um kaupuppbótina og viðtaka hennar eru því ósamrýmlegar við aðalkröfu aðaláfrýjanda í máli þessu.

En fleira kemur og til greina, að því er varðar framkomu aðaláfrýjanda í sambandi við launagreiðslur til hans, meðan hann gegndi skoðunarsstarfinu, sem ekki verður samrýmt við aðalkröfu hans nú. Þannig verður ekki séð af skjölum málsins, að hann hafi svarað fyrrnefndu bréfi atvinnu-

og samgöngumálaráðuneytisins frá 13. apríl 1932, né mótmælt á nokkurn hátt, fyrr en nú í þessu máli, þeirri staðhæfingu ráðuneytisins í bréfinu, að hann eigi ekki neina kröfu til frekari þóknunar fyrir störf sín en hann hafði þá þegar fengið. Þvert á móti heldur hann áfram starfi sínu eftir það í full 3 ár og er ekki upplýst, að hann hafi á þeim tíma gert nokkrar kröfur um viðbótargreiðslur. Og í ársbyrjun 1934 fer vegamálastjóri þess á leit, af hálfu ríkisstjórnarinnar, við skoðunarmennina, að laun þeirra lækki um 15%, og eftir „viðræður fram og aftur“ fallast skoðunarmennirnir á  $7\frac{1}{2}\%$ lækkun, niður í kr. 462.50 mánaðarlega, án þess að minnast á nokkrar eftirstöðvar, svo að séð verði. Af hálfu aðaláfrýjanda er því að vísu haldið fram, að hér hafi aðeins verið um lækkun á áætlunarupphæð að ræða, en það kemur ekki til mála, að ástæða hafi þótt til lækkunar á áætlunarupphæð, ef skoðunarmennirnir áttu þá eftirstöðvar í ríkissjóði svo tugum þúsunda króna skipti, og innkomið fé vegna próf- og skoðunargjalda hafði yfirleitt farið hækkandi. Á árinu 1935 eru laun aðaláfrýjanda að nýju lækkuð niður í kr. 405.00 mánaðarlega, og sökum þess, að hann hafði þá þegar fengið greidd laun fyrir tvo fyrstu mánuði ársins, endurgreiddi hann ríkissjóði kr. 115.00. Er sú endurgreiðsla, án nokkurs fyrirvara, í fullkomnu ósamræmi við staðhæfingu aðaláfrýjanda í máli þessu, að hann hafi átt í ársbyrjun 1935 um 30 þúsund krónur innistandandi í ríkissjóði, auk vaxta.

Loks má á það benda, að samstarfsmaður aðaláfrýjanda virðist hafa verið þeirrar skoðunar

árið 1931, að í Suðurlandsumdæmi rynni prófgjöld ekki til skoðunarmanns, því í bréfi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 12. ágúst þess árs, viðvikjandi bifreiðastjóraprófum á Ísafirði, kemst hann svo að orði: „Um prófgjaldið virðist vera rétt að gildi sömu reglur í Ísafjarðarumdæmi eins og í öðrum umdæmum út um land, — að undanskildu Suðurlandsumdæmi — að prófgjaldið (kr. 15) renni til prófdómarans.“

Með skirskotun til þess, sem að framan segir, þykir aðaláfrýjandi ekki eiga rétt til þeirra eftirstöðva, sem aðalkrafa hans fjallar um. Ber því að sýkna gagnáfrýjanda af aðalkröfunni, að því leyti sem hún er reist á slíkum kaufeftirstöðvum.

Kemur þá varakrafa aðaláfrýjanda til athugunar. Er hún við það miðuð, að óheimilt hafi verið að segja aðaláfrýjanda upp starfi hans með skemmri fyrirvara en til ársloka 1935, þar eð erindisbréfið frá 1. febr. 1928 mæli fyrir um 6 mánaða uppsagnarfrest, miðað við 1. janúar og 1. júlí. Laun aðaláfrýjanda voru, sem fyrr segir, kr. 405.00 um mánuðinn árið 1935, og þar eð honum var sagt upp starfinu 30. apríl þess árs og aðeins greidd laun til mailoka næst á eftir, þá telur hann sig eiga kröfu til launa fyrir tímabilið frá 1. júní til 31. des. 1935 samtals 7 mánuði, og nemur varakrafan því kr. 2835.00.

Eins og skýrt er frá í hinum áfrýjaða dómi, féll skipun aðaláfrýjanda samkvæmt skipunarbréfinu frá 2. febr. 1934 niður í árslok 1934. En þar eð hann hélt starfinu áfram eftir ársbyrjun 1935, með samþykki ráðuneytisins, þótt ekki væri það samkvæmt sérstökum ráðningarsamningi, verður að telja, að hann hafi mátt líta svo á, að hann yrði

ekki sviptur starfinu án undangenginnar uppsagnar með hæfilegum fyrirvara, enda er ekki upplýst í málinu gegn mótmælum hans, að honum hafi mátt vera það ljóst, að framlenging starfs hans eftir árslok 1934 ætti aðeins að vera til bráðabirgða. Með tilliti til starfs aðaláfrýjanda þykir uppsagnarfrestur honum til handa hæfilega ákveðinn 6 mánuðir. Hefir hann, eins og fyrr er skýrt frá, fengið greidd laun fyrir einn mánuð, eftir að uppsögn átti sér stað, og ber því að dæma gagnáfrýjanda til að greiða honum 5 mánaða laun, eða samtals kr. 2025,00, með vöxtum eins og krafizt er.

Eftir þessum málsúrslitum þykir rétt, að málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms séu staðfest, en að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 200 kr. upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

**Því dæmist rétt vera:**

Gagnáfrýjandi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, greiði aðaláfrýjanda, Zophoníasi Baldvinssyni, kr. 2025.00 með 6% ársvöxtum frá frá 13. sept. 1935 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms staðfestist, en gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda kr. 200.00 upp í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir árangurslausa sáttumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 19. september

1935 af Zophonias Baldvinssyni, bifreiðastjóra hér í bæ, gegn fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs til greiðslu skuldar, að upphæð kr. 38.861.00 með 6% ársvöxtum af kr. 1707.00 frá 1. jan. 1929 til 1. jan. 1930, af kr. 7754.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1931 og af kr. 13539.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1932, af kr. 18029.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1933, af kr. 21664.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1934 og af kr. 25660.00 frá þeim tíma til 1. jan. 1935 og af kr. 38861.00 frá þeim tíma til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndur krefst aðallega sýknu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar, og málskostnaðar krefst hann, hvernig sem málið fer.

Umstefnda skuld kveður stefnandi vera eftirstöðvar af kaupum sínum sem skoðunarmanns bifreiða og sundurliðast upphæðin þannig: eftirstöðvar 1928 kr. 1707.00, 1929 kr. 6047.00, 1930 kr. 5785.00, 1931 kr. 4490.00, 1932 kr. 3635.00, 1933 kr. 3996.00, 1934 kr. 4833.00 og 1935 kr. 8368.00.

Tildrög máls þess eru þau, að með lögum nr. 23, 31. maí 1927 um breytingu á lögum nr. 56 frá 15. júní 1926 um notkun bifreiða var svo ákveðið, að atvinnumálaráðherra löggildi skoðunarmann, eða skoðunarmenn fyrir Reykjavík, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Árnassýslu og Rangárvallasýslu, og að heimilt sé að löggilda skoðunarmenn í hverju öðru umdæmi, þar sem bifreiðar ganga. Samkvæmt þessum lögum var svo hinn 1. febrúar 1928 gefin út reglugerð um notkun bifreiða, og segir í 1. gr. hennar, að atvinnumálaráðherra löggildi fyrst um sinn skoðunarmenn bifreiða í tveimur umdæmum í Suðurlandsumdæmi og Eyjafjarðarumdæmi.

Ennfremur var gefið út erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða dagsett sama dag (1. febrúar 1928.)

Samkvæmt áðurgreindum lögum og reglugerð var stefnandi í máli þessu með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dagsettu 1. febrúar 1928, skipaður til þess að hafa á hendi skoðun bifreiða í Suðurlandsumdæmi og jafnframt til þess, samkvæmt reglugerð 1. febrúar 1928 um próf fyrir bifreiðastjóra, að vera prófdómari í sama umdæmi við prófun bifreiðastjóra.

Í skipunarbréfinu er ákveðið, að stefnanda beri „að

*fara í öllu eftir fyrirmælum fyrrgreindra laga, reglugjörðar og erindisbréfs fyrir skoðunarmenn bifreiða . . . . .“*

Um launakjör skoðunarmanna er svo ákveðið í erindisbréfinu 1. febrúar 1928, að skoðunarmenn fái fyrir starf sitt 1) skoðunargjald 10 kr. árlega af hverri bifreið og bifhjóli, sem skrásett sé í umdæmi þeirra, 2) prófgjöld samkvæmt reglugjörð um próf fyrir bifreiðastjóra og 3) að fyrir önnur störf, er skoðunarmenn vinni samkvæmt erindisbréfi eða sérstöku fyrirlagi ráðuneytisins, fái þeir sérstaka þóknun, er ráðuneytið ákveði fyrir hvern einstakan þeirra.

Það eru ákvæði um það í erindisbréfi, að ríkisféhirðir greiði skoðunarmönnum Suðurlandsumdæmis kaup þeirra mánaðarlega eftirá fyrir hvern mánuð með upphæð, sem ráðuneytið ákveði í byrjun hvers árs. Og loks að í lok hvers árs eða svo fljótt, sem ríkisféhirði hafi borizt skilagrein fyrir greiddum skoðunargjöldum og prófgjöldum í umdæmi skoðunarmanns, greiði ríkisféhirðir skoðunarmanni eftirstöðvar af árskaupi hans, ef einhverjar eru.

Kröfur sínar í máli þessu byggir stefnandi á því, að sér hafi borið að fá greidd laun samkv. ákvæðum erindisbréfsins, en þar sem sér hafi aðeins verið greidd ákveðin upphæð mánaðarlega, er hafi numið miklu minnu en launin hefðu orðið, ef farið hefði verið eftir ákvæðum skipunar- og erindisbréfsins um greiðslu þeirra, þá telji hann sig nú eiga inni hjá ríkissjóði upphæð þá, er hann geri kröfu um í þessu máli.

Upphæð þessa fær stefnandi þannig út, að hann helm-ingar tekjur þær, er skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis hafa aflað á árunum 1928—1935 og dregur þau laun, er hann hefir fengið, frá þeim helmingi þeirra, sem hann telur sig hafa átt að fá. Tekjurnar af starfi skoðunarmanna hafa numið mun hærri upphæð en launum þeim, er skoðunarmönnum hafa verið greidd, og fær stefnandi þessvegna út ofangreinda upphæð sér í hag.

Erindisbréf um skoðunarmenn bifreiða 1. febrúar 1928 var upphaflega sett um alla skoðunarmenn, án tillits til þess, hvar á landinu þeir störfuðu. Það er því líklegt, að hafi enginn sérsamningur eða samkomulag orðið milli viðkomandi ráðuneytis og stefnanda, að þá ætti stefnandi einhverja kröfu á hendur því vegna skoðunarstarfa.

Það verður því fyrst athugað, hvort launakjör stefnanda hafi raunverulega átt að fara eftir ákvæðum erindisbréfsins eða hafi átt að vera önnur en þar greinir.

Sýknukröfurnar byggir stefndur á því, að stefnandi hafi ekki verið ráðinn með þeim kjörum, sem ákveðin séu í erindisbréfinu, heldur gegn ákveðnum mánaðarlaunum, er hann hafi átt að fá úr ríkissjóði, hvort sem skoðunar- eða prófgjöld úr umdæmi hans reyndust meiri eða minni. Verkefni skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi hafi verið svo mikið, að nauðsynlegt hafi verið, að þeim yrði tryggð lífvænleg laun fyrir starf sitt og þannig um búið, að þeir gætu gefið sig óskipta að því.

Enda þótt í skipunarbréfi stefnanda sé vísað til fyrrnefndra laga, reglugerðar og erindisbréfs, þá eigi sú tilvisun aðeins við starfið og framkvæmd þess, en ekki um launakjör. Um launakjör hafi verið samið sérstaklega við skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis, þannig að þeir fengju fast mánaðarkaup hvorki meira né minna, hvornig sem fjárhagsleg útkoma skoðunarinnar yrði. Þessu neitar stefnandi og kveður ekkert sérstakt hafa átt að gilda um launakjör skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi, heldur hafi þeir átt að taka laun sín eftir ákvæðum erindisbréfsins eins og aðrir skoðunarmenn.

Fyrirkomulag í launagreiðslum til stefnanda og samstarfsmanna hans við skoðunina var þannig, að ríkisféhirðir greiddi þeim ákveðna upphæð á mánuði hverjum.

Heldur stefndur því fram, að skoðunarmenn eigi ekki kröfu til frekari greiðslu, þar eð hér hafi alltaf verið um fullnaðargreiðslu að ræða.

Stefnandi heldur því hinsvegar fram, að þessar mánaðarlegu greiðslur hafi engan veginn átt að vera fullnaðargreiðslur, heldur hafi kaupíð verið greitt svona samkvæmt ákvæðum 3. liðs 9. greinar erindisbréfsins, og þessar greiðslur aðeins verið fyrirframgreiðslur upp í hið endanlega kaup, sem ekki hafi verið mögulegt að ákveða, hvert yrði fyrir en ríkisféhirði hefði borizt skilagrein fyrir greiddum skoðunar- og prófgjöldum í umdæminu. Verður nú sannleiksgildi þessara andstæðu staðhæfinga athugað nánar með hliðsjón af því, sem komið hefir fram í málflutningi aðilja.

Það skal í upphafi tekið fram, að rétturinn telur, að

þrátt fyrir ákvæði erindisbréfsins og laganna um launskoðunarmanna, þá hafi ráðuneytinu eins og hér stóð á verið heimilt að semja um launakjör skoðunarmanna á þann hátt, sem stefndur heldur fram, að gert hafi verið.

1. Stefndur hefir lagt fram bréf frá vegamálastjóra, sem frá öndverðu virðist hafa verið ráðunautur ríkisstjórnarinnar um allt, er snertir starf skoðunarmanna, bifreiðacftirlitið. Bréf þetta er dagsett 22. desember 1932 og segir í því m. a., að að því er snerti skoðunarmenn í Suðurlandsumdæmi, þá hafi í reyndinni sú breyting verið gerð gagnvart þeim á launakjörum þeim, er gert sé ráð fyrir í erindisbréfinu, að þeir hafi fengið fast kaup frá byrjun, en öll skoðunar- og prófgjöld runnið beint í ríkissjóð. Stefnandi telur, að vegamálastjóri muni hafa sagt þetta af misskilningi, er stafi af því, að skoðunarmönnum hafi alltaf verið greidd eins upphæð á mánuði sem fyrirframgreiðsla. Ekkert hefir þó komið fram í málinu, er bendi til annars en að vegamálastjóri, sem var þessum málum mjög vel kunnugur, hafi talið hinar mánaðarlegu greiðslur fullnaðargreiðslur. Þá þykir bréf vegamálastjóra, dags. 27 $\frac{1}{2}$  1929, sem skrifað er útaf fyrirspurn ráðuneytisins, vegna erindis sýslumannsins í Skaftafellssýslu um bifreiðaskoðun þar í sýslu, þar sem vegamálastjóri telur vafalaust, að gjöld fyrir próf haldin þar eystra af starfsmanni stefnanda eigi að renna í ríkissjóð, einnig benda í þá átt, að vegamálastjóri hafi alltaf talið skoðunarmennina ráðna upp á fast mánaðarkaup.

2. Stefndur hefir einnig lagt fram bréf frá atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, bæði dagsett 11. febrúar 1928. Annað er til lögreglustjórans í Reykjavík, þar sem honum er tilkynnt, að ríkisféhirði hafi verið falið að greiða skoðunarmönnum kr. 500,00 „í laun mánaðarlega“ og lagt er jafnframt fyrir hann að láta þau gjöld, er hann innheimti, ganga til ríkisféhirðis upp í launin. Hitt bréfið er til ríkisféhirðis, og er honum með því falið að greiða skoðunarmönnum „*hvorum 500 krónur á mánuði í laun*“.

Stefnandi telur þessar mánaðarlegu greiðslur þó ekki hafa átt að vera fullnaðargreiðslur, heldur hafi þetta fyrirkomulag verið haft um greiðslurnar vegna þess, að tekjur skoðunarmanna hefðu komið inn að lang mestu leyti á ákveðnum tíma ársins, og það hefði því valdið skoðunar-

mönnunum miklum óþægindum, ef þeir hefðu þurft að biða eftir öllum launum sínum, þar til greiðslur yrðu uppgerðar.

Rétturinn telur þó orðalag kröfu þessarar benda ótvírátt í þá átt, að hér hefði verið um fastákveðið mánaðar-kaup að ræða, enda hefði verið óeðlilegt, að greiðslurnar hefðu verið svona háar, ef þær hefðu aðeins verið fyrirframgreiðslur, en kaupíð síðar átt að reiknast út eftir ákvæðum erindisbréfsins með sérstöku tilliti til þess, að allt var í óvissu um tekjur af skoðuninni, þegar bréf þessi voru skrifuð, og virðist meira að segja þegar hafa verið gert ráð fyrir, að tekjur af skoðuninni hrykkju ekki til að greiða skoðunarmönnunum hinar fastákveðnu mánaðarlegu greiðslur.

3. Með bréfi, dagsettu 8. janúar 1930, fara skoðunarmennirnir fram á, að hvorum þeirra verði greiddar 1000 kr. „sem kaupuppbót fyrir siðastliðið ár“ og með bréfi ráðuneytisins dags. 29. jan. 1930 veitist þeim þessi „kaupuppbót“. Stefnandi telur, að þessi greiðsla hafi verið fyrir margvísleg aukastörf, sem skoðunarmenn hafi innt af hendi um skyldu fram, og að í bréfi þessu felist engin viðurkenning frá skoðunarmönnum um, að þeir hafi verið ráðnir fyrir fast kaup. En með tilliti til þess, að skoðunarmennirnir rökstyðja þessa málaleitun sína m. a. með því, hve miklar annir þeir hafi haft í starfinu, telur rétturinn þetta bréf nánast benda til þess, að skoðunarmennirnir hafi talið sig ráðna upp á fastákveðið kaup, því að annir „í starfinu“ gátu ekki skapað þeim neinn rétt til kauphækkunar, ef launakjör þeirra áttu um allt að fara eftir ákvæðum erindisbréfsins.

4. Útaf bréfi því frá sýslumanninum í Skaftafellssýslu, er getur um í 1. lið hér að framan, skrifa skoðunarmenn 1 $\frac{1}{2}$  1929 ráðuneytinu, er beðið hafði umsagnar þeirra um bréfið, á þá leið, að að því er snertir skoðunargjöld í Skaftafellssýslu, þá telji þeir rétt, að helmingur skoðunargjalda „þetta ár“, renni í rikissjóð fyrir þeirra verk, en hinn helmingurinn renni til þeirra bifreiðastjóra eystra, er annazt hafi eftirlitið að fyrirlagi sýslumannsins og í samráði við stefnanda, og samstarfsmanna hans. Stefnandi telur þetta orðalag bréfsins grundvallast á því, að gjöld fyrir þau störf, er skoðunarmenn hafi unnið utan síns

umdæmis, hafi átt að renna í ríkissjóð en skoðunarmenn hafi átt að fá sérstaka þóknun úr ríkissjóði fyrir þau. Um gjöld fyrir störf utan umdæmis hafi því gilt aðrar reglur en gjöld fyrir störf innan umdæmis. Rétturinn getur þó ekki fallið á, að þessi skýring sé eftir atvikum eðlileg, og telur orðalag þessa bréfs benda í þá átt, að skoðunarmenn Suðurlandsumdæmis hafi talið, að ríkissjóði bæru tekjur af starfi þeirra, en þeim bæru aðeins hinar fastákveðnu mánaðargreiðslur.

5. Með bréfi, dags. 12. ágúst 1931, svarar samstarfsmaður stefnanda í nafni bifreiðaeftirlitsins beiðni ráðuneytisins um umsögn skoðunarmanna um erindi bæjarfógetans á Ísafirði um fjölgun bifreiðaprófdómara þar m. a. á þessa leið: „*Um prófgjaldið virðist vera rétt að gildi sömu reglur í Ísafjarðarumdæmi og í öðrum umdæmum út um land að undanskildu Suðurlandsumdæmi — að prófgjaldið (kr. 15.) renni til prófdómarans.*“ Stefnandi telur, að þessi ummæli beri ekki að skilja á annan veg en þann, að úti um land hafi prófgjöldin gengið milliliðalaust til prófdómarans, en í Suðurlandsumdæmi hafi þau runnið í ríkissjóð, ekki endanlega, heldur til bráðabirgða, eða þangað til að gert yrði endanlega upp, þá er ríkisfóhirðir hefði fengið skilgrein um tekjur af skoðunarstarfinu. Rétturinn verður þó að telja þessa túlkun á ofangreindum ummælum fremur óeðlilega og telur, að þau bendi fremur í þá átt, að starfsbróðir stefnanda hafi talið skoðunarmennina ráðna með þeim kjörum, er stefndur heldur fram.

6. Í bréfi til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 8. jan. 1930, fara skoðunarmennirnir fram á, „*að í starf okkar verði bætt við einum manni til aðstoðar*“ og með bréfi ráðuneytisins, dags. 25. marz 1930, samþykkir ráðuneytið, að skoðunarmennirnir ráði „*einn mann . . . . . til aðstoðar yður við bifreiðaeftirlitið, akstur bifreiða o.fl.*“ Með bréfi, dags. 2. des. 1930, leggja skoðunarmenn til, að ákveðinn maður, Björn Blöndal, „*sem verið hefir aðstoðarmaður okkar við bifreiðaeftirlitið . . . . . verði . . . . . ráðinn með okkur við bifreiðaeftirlitið hér í Suðurlandsumdæmi.*“ Með bréfi, dags. 19. des. 1930, samþykkir ráðuneytið þennan mann og ákveður, að laun hans skuli vera 400 kr. á mánuði. Stefnandi telur, að þrátt fyrir orðalag

bréfs þessa, þá hafi Björn Blöndal ekki verið raunverulegur aðstoðarmaður skoðunarmanna sem slikra, heldur hafi hann nær eingöngu starfað að vegaeftirliti, sem hafi verið starfi skoðunarmanna raunverulega óviðkomandi, enda þótt þeir hafi haft það á hendi á þessum tíma. Starf þessa manns hafi ríkissjóði borið að kosta sérstaklega og því hafi verið eðlilegt, að Bj. Bl. hafi verið ráðinn fyrir ákveðið mánaðarkaup.

Í 5. gr. erindisbréfsins 1. febr. 1928 virðist skoðunarmönnum vera falið vegaeftirlit það, er stefnandi heldur fram, að Bj. Bl. hafi átt að hafa á hendi. Bj. Bl. virðist því hafa átt að vinna að sömu störfum og skoðunarmennirnir sbr. líka orðalag bréfs ráðuneytisins, þar sem það heimilar skoðunarmönnum að ráða aðstoðarmann „... til aðstoðar yður við bifreiðaeftirlitið, akstur bifreiða o.fl.“

Það er því eðlilegast að líta svo á, að um launagreiðslur til hans hafi gilt sömu reglur og til hinna skoðunarmannanna, og þar eð upplýst og játað er, að hann var ráðinn gegn fastákveðinni mánaðarlegri þóknun, þá virðist það styðja mjög þá staðhæfingu stefnds, að stefnandi hafi einnig verið þannig ráðinn.

7. Undir rekstri málsins hefir stefnandi haldið því mjög fram, að skoðunarmennirnir hafi krafizt uppgjör launa sinna samkv. erindisbréfinu af Tryggva Þórhallssyni, fyrv. atvinnumálaráðherra, og hafi hann tekið vel í að gera upp við þá eftir reglum erindisbréfsins.

Stefndur hefir hinsvegar lagt fram afrit af bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins dags. 13. apríl 1932, sem undirritað var af Tryggva Þórhallssyni, þar sem, með tilvísun til munnlegs samtals við skoðunarmenn, er þeir tóku starfann að sér, er sagt, að ráðuneytið telji þeim fullgreitt með hinum umræddu mánaðarlegu greiðslum og að það telji skoðunarmennina því ekki eiga kröfu til frekari greiðslu úr ríkissjóði vegna skoðunarsarfans.

Með tilliti til þess, að ekkert hefir komið fram, er bendi til þess, að Tr. Þ. hafi talið, að launakjör skoðunarmanna í Suðurlandsumdæmi ættu að fara bókstaflega eftir fyrirmælum erindisbréfsins og með hliðsjón af nefndu bréfi, er Tr. Þ. hefir undirritað, telur rétturinn hérgreinda stað-

hæfingu stefnanda ekki geta orðið málsstað hans til styrktar.

Stefnandi hefir lagt fram vottorð frá fyrrv. ríkisféhirði um, að ríkisféhirðir minnst þess, að 1 eða 2 árum eftir að skoðunarmenn hafi farið að taka laun úr ríkissjóði, hafi þeir komið og spurt sig, hvort hann hafi fengið fyrir-mæli um aukagreiðslu til þeirra.

Kveður fyrrv. ríkisféhirðir sig minna (eftir umsögn skoðunarmanna), að aukagreiðslan hafi átt að ákveðast með tilliti til tekna ríkissjóðs af starfi þeirra.

Með tilliti til þess, að hér getur vel verið um uppbótina 1930 að ræða, og þess, hversu óákveðið vottorðið er um síðara atriðið, þykir það ekki gegn andmælum stefnds geta orðið málsstað stefnanda til styrktar.

Samkvæmt því, sem tekið hefir verið fram í 1—7 hér að framan, þykir nægilega upplýst, að aldrei hefir verið ætlað til annars en að hinar mánaðarlegu greiðslur til stefnanda væru fullnaðargreiðslur og að aldrei hafi getað skapast neitt réttmætt traust hjá stefnanda til þess, að hann ætli frekari kröfur á hendur ríkissjóði útaf hérur-ræddum starfa heldur en hina fastákveðnu mánaðar-greiðslu. Hann verður því ekki talinn eiga kröfur á hendur ríkissjóði af þeirri málsástæðu hans, er hér hefir verið rædd.

Eins og áður getur voru stefnanda greiddar kr. 500.00 á mánuði fyrir starf hans. 30. júní 1932 var stefnanda sagt upp starfinu frá 1. okt. 1932 að telja. Stefnandi var þó ekki látinn hætta störfum þann dag og gegndi hann síðan starfinu áfram skipunarlaust, þangað til hann er með bréfi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 2. febr. 1934, skipaður í starfið til ársloka 1934.

Er svo fyrirmælt í skipunarbréfinu m. a., að stefnanda beri að fara eftir fyrirmælum erindisbréfsins fyrir skoðunarmenn bifreiða og breytingum á þeim, er síðar verði gerðar o. s. frv., og að stefnanda verði greiddar kr. 462.50 í laun á mánuði. Erindisbréfinu frá 1928 hafði verið breytt með auglýsingu 31. jan. 1934 á þann hátt m. a., að ákveðið var, að ráðuneytið réði skoðunarmenn og greiddi þeim laun samkv. sérstökum ákvæðum í skipunarbréfi.

Stefnandi telur, að breyting þessi sé ógild gagnvart sér vegna þess, að sér hafi aldrei verið löglega sagt upp

starfanum. Í erindisbréfinu frá 1928 sé ákveðið, að starfið sé óuppsegjanlegt (sic) af báðum aðiljum með 6 mánaða fyrirvara miðað við 1. janúar og 1. júlí. Uppsögnin 1932 hafi því verið markleysa og beri sér þrátt fyrir hana sömu launakjör og áður.

Eftir því, sem fyrir liggur í málinu, er þó þarflaust að að athuga uppsögnina að þessu leyti.

Stefndur hefir lagt fram bréf frá vegamálastjóra til atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, dags. 15. jan. 1934, þar sem hann skýrir frá, að stefnandi og starfsbróðir hans hafi fallizt á, að laun þeirra árið 1934 lækki um  $7\frac{1}{2}\%$ .

Þetta bréf, ásamt því, að ekki er upplýst, að stefnandi hafi gert neinn fyrirvara um það, að launin voru lægri en vera bæri, þegar hann veitti þeim viðtöku, þykir sanna það, að stefnandi hafi samþykkt lækkun þessa og sé því bundinn við hana.

Eins og áður getur var stefnandi með bréfi, dags. 2. febrúar 1934, skipaður í starf sitt til ársloka 1934. Síðan gegndi hann starfinu skipunarlaust frá 1. jan. 1935 til 30. apríl 1935, að honum var sagt upp starfinu með bréfi sama dag. Laun voru honum þó greidd fyrir máimánuð 1935.

Með tilliti til þess, sem sagt er hér að framan um kröfur og málsástæður stefnanda, getur krafa hans um launaviðbót árið 1935 eingöngu byggzt á því, að uppsögn þessi hafi ekki getað svipt hann rétti til launa 7 síðustu mánuði ársins 1935.

Stefndur telur, að stefnandi hafi ekki átt kröfu á neinum uppsagnarfresti eins og á stóð eftir áramótin 1934—1935.

Stefnandi hafi aðeins gegnt starfinu með samþykki ráðuneytisins, skipunarlaust fjóra fyrstu mánuði ársins 1935, og geti þetta ekki skapað honum rétt á þeim uppsagnarfresti, er hann nú krefjist.

Stefnandi byggir rétt sinn til uppsagnarfrests aðallega á því, að skipunarbréfið 2. febrúar 1934 hafi verið ógilt gagnvart sér, en þar eð rétturinn getur ekki fallizt á, að svo hafi verið, verður krafa hans um uppsagnarfrest ekki tekin til greina af þeirri ástæðu.

Til vara byggir stefnandi uppsagnarfrestinn á því, að

enda þótt skipunarbréfið 2. febrúar 1934 hefði verið gilt gagnvart sér, þá hefði ráðuneytið látið sig halda áfram störfum eftir 1. jan. 1935 og þar með hafi starfið orðið áframhaldandi um óákveðinn tíma og beri sér einnig af þeirri ástæðu ofangreindur uppsagnarfrestur.

Það mun nú að vísu rétt, að samþykki ráðuneytisins til þess, að stefnandi héldi áfram starfinu eftir 1. jan. 1935, hefir ekki verið gefið til fyrirfram fastákveðins tíma.

Þrátt fyrir það telur rétturinn þó, að báðir aðiljar hafi eftir atvikum hlotið að telja, að hér væri um hreina bráðabirgðabjónustu að ræða, og að það hafi verið ákvörðunarástæða hjá ráðuneytinu, þegar það veitti samþykki sitt til þess að stefnandi starfaði eitthvað eftir 1. jan. 1935, að um engan uppsagnarfrest gæti orðið að ræða til handa stefnanda, enda þótt hann yrði bráðlega látinn hætta störfum, og að stefnanda hafi mátt og átt að vera þetta ljóst.

Þá telur rétturinn og, að greiðsla fyrir maí 1935 hafi, eins og stefndur heldur fram, verið innt af hendi um skyldu fram, og að með henni hafi stefndur ekki viðurkennt, að stefnanda bæri uppsagnarfrestur.

Samkvæmt framansögðu verða úrslit máls þessa því þau, að stefndur verður algjörlega sýknaður af öllum kröfuna stefnanda, en málskostnaður þykir eftir atvikum eiga að falla niður.

---

Föstudaginn 5. febrúar 1937.

Nr. 186/1936. **Eggert Kristjánsson & Co.**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Kaupfélagi Alþýðu í Vestmannaeyjum**

Enginn.

Dómi í vixilmáli og fjárnámi samkvæmt honum áfrýjað til staðfestingar.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 3. okt. 1936.*

Stefnt, Kaupfélag Alþýðu, greiði stefnandanum, Eggert Kristjánssyni & Co., kr. 600.00 með 6% ársvöxtum í þókn-